



„Sterling í þoku" máluð 1912, vatnslitir. Eins og sjá má á mynd inni er bokan svo mikil, að Sterling sést alls ekki.



„Frá Esju", vaxlitamynd 43x85 sm.

Svip-myndir frá Kjarvals-sýningu

KJARVALSSÝNINGIN, sem Reykjavíkurborg gengst fyrir að Kjarvalsstöðum, hefur nú staðið í tæpan mánuð og hefur aðsókn verið góð, að sögn Alfreðs Guðmundssonar forstöðumanns Kjarvalsstaða.

Meðal verka á sýningunni er hin fræga vatnslitamynd „Sterling í þoku". Myndin var máluð árið 1912 þegar Kjarval dvaldist vetrarlangt í Lundúnum og hafði skoðað myndir Turners í Tate Gallery. Fræg er sagan af því, þegar Kjarval sýndi myndina í fyrsta skipti, og menn furðuðu sig á nafninu þar eð Sterling var hvergi sjáanlegur. Er þá sagt, að meistarinn hafi svarað, að það kæmi til af því, að hann væri í þokunni og því mjög eðlilegt að hann sæist ekki. „Sterling í þoku" er gjöf frá börnum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar, en auk hennar eru 4 aðrar myndir á sýningunni gjöf til Reykjavíkurborgar frá þeim.

Athygli skal og vakin á verkinu „Engill", en það er málverk á steini, sem Kjarval gerði árið 1937, og er gjöf til Reykjavíkurborgar frá frænku meistarans, Karitas Bjargmundsdóttur.


Meðfylgjandi myndir, sem Br. H., ljósm Mbl., tók, eru af nokkrum verkanna á sýningunni, en hún er opin þriðjudaga—föstudaga frá kl. 4—10 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 2—10. Aðgangur er ókeypis.



Alfreð Guðmundsson stendur við hlið verksins „Sól og sumar", sem er olíuverk málað á léreft, 265x222 sm.



„Krítik", olía á léreft 213x402 sm.



„Engill", málaður steinn, gjöf frá Karitas Bjargmundsdóttur.

Ingólfur G. S. Esphólín — Minning

Á síðastliðnu sumri lézt Ingólfur G. S. Esphólín stórkaupmaður, eftir margra mánaða sjúkdómslegu. Með fráfalli hans hvarf af götum miðbæjarins í Reykjavík einn af þeim mönnum, sem síðastliðna hálfa öld settu svip sinn á bæinn með góðmannlegu og höfðiglegu fasi sínu.

Ingólfur var norðlenzkur að uppruna. Hann var fæddur 22. nóvember 1899 á Akureyri. Faðir hans var Sigtryggur Jónsson byggingameistari, sá, er reisti meðal annars menntaskólahúsið á Akureyri. Hann var kominn af kunnum hagleiksmönnum úr Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu. Móðir Ingólfs var Guðný Þorkelsdóttir, systir hins merka manns Þorkels verðurstofustjóra. Þau voru ættuð frá Flatatungu í Skagafirði.

Eftir að Ingólfur hafði lokið gagnfræðaskólanámi á Akureyri hélt hann utan til Kaupmannahafnar til verzlunarnáms. Þegar heim kom fór hann fyrst til Akureyrar og stofnsetti þar fyrirtækið „Bræðurnir Esphólín" með bræðrum sínum Jóni og Hjalta. Þeir starfræktu það í nokkur ár, en síðar skildu leiðir Jón fluttist til Kaupmannahafnar og kvæntist þar danskri konu. Hann stofnsetti vélafyrirtæki, sem er starfandi þar enn og ber Esphólínsnafnið. Jón er látinn fyrir nokkrum árum, en sonur hans er nú framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hjalti starfaði við verksmiðjurekstur á Akureyri. Margir útgerðarmenn, sem áttu viðskipti við Tunnuverksmiðjuna þar, svo og eldri Akureyringar muna áreiðanlega eftir þeim öðlingsmanni.



Ingólfur lifði lengst sinna bræðra og var lífsstarf hans aðallega unnið í Reykjavík. Hann gerðist stórkaupmaður, en hugur hans hneigðist snemma að fiskiðnaði og þá sérstaklega hraðfrystingu. Í félagi við Svía byggði hann Sænska frystihúsið, sem var mikil framkvæmd á þeim tíma. En það, sem ætti þó lengst að halda nafni hans á loft, var sú nýjung að hefja hraðfrystingu á matvælum hér á landi.

Á miðju sumri 1934 birtist í Morgunblaðinu eftirfarandi frétt:

— „Ingólfur G. S. Esphólín er nýkominn heim úr ferðalagi frá ýmsum Evrópulöndum. Hann hefur látið hraðfrysta um 50 lestir fisks og sent sem sýnishorn til ýmissa landa. Þau hafa líkað mjög vel. Ingólfur segir, að best sé að búa um fiskinn í litlum pökkum, er hafi inni að halda sem næst því er meðalfjölskylda neytir í einni máltíð. Telur hann mikla markaðsmöguleika í mörgum Evrópulöndum fyrir fisk, hraðfrystan í slíkum umbúðum."

Af þessu má sjá brautryðjandastarf Ingólfs á þessum vettvangi. Hann var einnig fyrstur Íslendinga til að gera frystan karfa að útflutningsvöru, svo eitthvað fleira sé nefnt. Seinni árin glímdi hann við það verkefni, sem hann taldi þýðingarmest, ekki einungis fyrir okkkur Íslendinga heldur allt mannkyn, en það var að breyta fiskúrgangi og áður lítt nýttum fisktegundum í þurrmjöl til manneldis. Hann taldi sig hafa leyst tæknihlið þessa verkefnis, en skortur á fjármagni kom í veg fyrir framkvæmdir. Í öllum þessum umsvifum valt á ýmsu með veraldargengi sem oft vill verða hjá hugsjónamönnum.

Ingólfur var fróður og skemmtilegur og höfðingi heim að sækja, en þar naut hann aðstoðar ráðskonu sinnar, Elísabetar Júlíusdóttur, sem stóð fyrir heimili hans um 40 ára skeið og veitti gestum af mikilli rausn. Var hún honum stoð og stytta, ekki sízt í hinum langvarandi veikindum hans.

Við, sem nutum gestrisni hans og vináttu í svo ríkum mæli, þökkum nú að leiðarlokum og vottum Elísabetu samúð okkar.

Blessuð sé minning hans.

F.E.P.